

Skipulgasstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2019  
UST201908-194/S.A.J.  
10.05.08

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Orkuverið í Svartsengi - Ný eining**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

HS Orka fyrirhugar að reisa nýja vinnslu einingu, Orkuver 7 (OV7), við Svartsengisvirkjun. Samhliða er áætlað að taka úr rekstri eldri einingar Orkuver 3 og 4 (OV3 og OV4). Fram kemur að við þessa framkvæmd eykst uppsett rafafi Svartsengisvirkjun um rúm 9 MW, úr 74,4 MW<sub>e</sub> í 84 MW<sub>e</sub>.

Fram kemur að samhliða byggingu nýrra mannvirkja fyrir Orkuverð 7 verði mannvirki, er hluti eru af Orkuveri 3 og 4, rifin og samkvæmt greinargerð munu áhrif á ásýnd vera óveruleg. Rétt er þó að benda á að flatarmál þeirra bygginga er rifnar verða er um 1.600 m<sup>2</sup> en nýjar byggingar verða um 3.000 m<sup>2</sup>. Einnig eru hæð þeirra bygginga er ráðgert er að fjarlægja á bilinu 5 til 10 metrar en nýju byggingarnar allar nema ein a.m.k. 10 á hæð og þar af stöðvarhúsið sem er stærst að grunnfleti 20 m hátt. Einnig kemur fram að ætlunin sé að reisa og gangsetja OV7 meðan orkuver 3 og 4 eru enn í rekstri og verða því allar byggingarnar tímabundið uppi.

#### **Óskað eftir frekari gögnum**

Umhverfisstofnun sendi svar við erindinu þann 2. september sl. og óskaði eftir frekari gögnum. Umbeðin gögn bárust þann 6. september sl. og hefur stofnunin farið yfir gögnin.

Í viðbótargögnunum kemur fram að við framkvæmdina eykst útblástur brennisteinsvetnis um u.þ.b. 4% á ári. Fram kemur að aukning á upptekt á jarðhitavökva verði mest um 130 kg/s sem samræmist nýtingaleyfi. Einnig kemur fram að ekki sé áformað aukning á varmaafli virkjunarinnar.


Stofnunin bendir á að þessar upplýsingar þurfa að fylgja með matskyldufyrirspurn fyrir stækkun jarðhitavirkjanna.

**Niðurstaða**

Eftir yfirferð upphaflegu matskyldufyrirspurnarinnar og umbeðinna viðbótargagna kemst Umhverfisstofnun að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sé og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur

  
Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur